BREIÐAFJARÐARNEFND

244. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 23. júní 2026, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Jóhanna Ösp Einarsdóttir varaformaður, Þórkatla Soffía Ólafsdóttir Karl Kristjánsson, Valdís Einarsdóttir, Arnar Kristjánsson, Magnús A. Sigurðarson, Sunna Björk Ragnarsdóttir.

Forföll:

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 10.35.

1. **Fundargerð 243. fundar Breiðafjarðarnefndar**

Fundargerð 243. fundar nefndarinnar, sem var haldinn á Teams 7. maí 2026.

Afgreiðsla:

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

2. **Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar 2026**

Fyrir liggur að skipuleggja vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar árið 2026.

Breiðafjarðarnefnd fer árlega í vettvangsferð um Breiðafjarðarsvæðið. Tilgangur ferðarinnar er að nefndarfólk kynnist Breiðafirði og sérkennum hans nánar, auk þess sem heimsóttir eru staðir sem tengjast beint starfsemi nefndarinnar.

Afgreiðsla:

Skipulag vettvangsferðarinnar, sem farin verður í lok ágúst 2026.

3. **Umsögn - Aðgerðaáætlun stefnu stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni 2026-2030**

Aðgerðaáætlun stefnu stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni 2026-2030 er til umsagnar í samráðsgátt. Hlekkur að málinu er hér: https://island.is/samradsgatt/mal/4243

Vegna mikilvægi Breiðafjarðar fyrir líffræðilega fjölbreytni hefur Breiðafjarðarnefnd ákveðið að senda inn umsögn, sem starfsmaður nefndarinnar undirbjó fyrir fundinn.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd skoðaði drög að umsögn, sem starfsmaður nefndarinnar hafði undirbúið fyrir fundinn. Nefndin ákvað að gera nokkrar breytingar sem starfsmaðurinn mun vinna og senda nefndafólkinu til staðfestingar áður en umsögninni verður skiluð í samráðsgátt fyrir málsfrest.

4. Fróðleikskort fyrir Flatey

Breiðafjarðarnefnd hefur endurprentað fróðleikskort Fornleifastofnunar Íslands fyrir Flatey, sem prentað var fyrst árið 2017.
Nefndin ræddi dreifingu korta á síðasta fundi og hélt áfram með umræðuna.

5. Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð

Náttúrustofur Vesturlands og Vestfjarða vinna að endurskoðun verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð. Verkefnið hefur undanfarin ár aðallega verið í umsjón Jakobs Stakowski hjá Náttúrustofu Vesturlands, sem er einnig starfsmaður Breiðafjarðarnefndar.

Afgreiðsla:

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar kynnti stöðu verkefnis fyrir nefndinni. Fyrir liggur að Breiðafjarðarnefnd fái fyrstu drög að endurskoðaðri verndaráætluninni eftir sumarið.

6. Framtíð Breiðafjarðar – Ramsar

Breiðafjarðarnefnd setti á fót vinnu um „Framtíð Breiðafjarðar“ árið 2019. Framtak hennar leiddi til skipun stýrihóps um Framtíð Breiðafjarðar sem skilaði af sér niðurstöðum í júlí 2024.
Síðan 2024 hefur Breiðafjarðarnefnd unnið áfram að stefnumótun framtíðarverndar Breiðafjarðar og er að undirbúa mögulega umsókn hluta Breiðafjarðar á Ramsar skrá.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd átti fund með tengilið Ramsar hjá Náttúruverndarstofnun milli funda og fékk upplýsingar um Ramsar, umsóknarferil og fleira.

Nefndin mun setja sig í samband við sveitarstjórnir í Reykhólahrepp og Dalabyggð í júlí til að funda með þeim um mögulega Ramsarsvæði innan marka sveitarfélaganna tveggja.

7. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður staðfundur, væntanlega í vettvangsferðinni í lok ágúst.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.45.